


Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Hr. Halldór Torfason,  
framkvæmdastjóri  
Sævarhöfða 6-10  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. desember 2012

Tilvísun: UST20120400146/edk

## Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 16. maí 2012, þar sem fjallað er um fjögur frávik sem komu fram við reglubundið eftirlit með malbikunarstöð Höfða í Reykjavík þann 23. mars sl. Þann 14. júní sl. lagði malbikunarstöðin fram áætlun um úrbætur og Umhverfisstofnun samþykkti úrbótafresti skv. henni.

### Þau frávik sem rekstraraðili á eftir að bæta úr eru eftirfarandi:

Framkvæma þarf botnþykktarmælingar olíugeyma. Áætlun rekstraraðila frá 14. júní sl. gerir ráð fyrir að þrír geymar verði botnþykktarmældir á næstu þremur árum. Fyrsti geymirinn verði mældur veturni 2012-2013, næsti 2013-2014 og síðasti geymirinn veturni 2014-2015. Umhverfisstofnun óskar eftir að niðurstöður botnþykktarmælinga fyrsta geymisins berist stofnuninni fyrir **1. maí 2013**.

Prýstiprófa þarf olíulagnir. Í áætlun rekstraraðila segir að þetta verið framkvæmt haustið 2012 eða veturni 2012-2013. Í tölvupósti, dagsettum 28. júní sl., veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til að ljúka þessu eigi síðar en síðla hausts 2012. Var þetta hugsanlega helst til stuttur frestur miðað við þá áætlun sem rekstraraðili sendi og hefur Umhverfisstofnun endurskoðað þetta og framlengir veittan frest til **1. maí 2013**.

Setja þarf upp árekstrarvarnir við olíugeyma á lóð félagsins. Áætlun rekstraraðila frá 14. júní sl. gerir ráð fyrir að úrbótum vegna þessa verði lokið fyrir sumarið 2013. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til **1. maí 2013** til að ljúka við uppsetningu árekstrarvara og senda Umhverfisstofnun staðfestingu þar um.

Mæla þarf olíuleifar í fráveitu, skv. grein 2.7 í starfsleyfi um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. reglugerð 35/1994. Samkvæmt áætlun rekstraraðila átti að mæla þetta sumarið 2012 og Umhverfisstofnun samþykkti þá áætlun í tölvupósti 28. júní sl. **Niðurstöður mælinganna hafa ekki borist Umhverfisstofnun.**

**Umhverfisstofnun áformar að veita malbikunarstöð Höfða áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna fráviks er varðar mælingu á olíuleifum í fráveitu. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 14. janúar 2013 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**


Vakin skal athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti, sbr. 48. gr., til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt fyrirmælum stofnunarinnar svo sem fram kemur í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að áminning mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfraðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfraðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Áætlun um úrbætur eða staðfestingu á úrbótum skal senda til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur